

REGLUGERÐ

70

16. maí

um fasteignaskatt í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Í Seyðisfjarðarkaupstað skal árlega leggja á fasteignaskatt til bæjarsjóðs. Skal hann lagður á eftir gildandi fasteignamati á hverjum tíma og vera sem hér segir:

1. Af byggingalóðum, byggðum og óbyggðum, greiðist 2%.
2. Af húseignum og öðrum mannvirkjum greiðist 0,4%.

2. gr.

Eigandi greiðir skattinn, nema um leigulóðir sé að ræða, þá greiðist skatturinn af notanda.

3. gr.

Skatturinn greiðist af heilum hundruðum króna af fasteignamatsverði, en því sem umfram er skal sleppa. Nái matsverð ekki 100 krónum, þá greiðist enginn skattur

4. gr.

Gjalddagar skattsins eru 1. apríl og 1. september ár hvert, og greiðist helmingur á hvorum gjalddaga. Þó skal fyrri gjalddagi skattsins fyrir árið 1939 vera 1. júní. Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur að fullu tveimur mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiddir eru af útsvörum. Skatturinn hvílir sem lögveð á fasteignum þeim, sem hann er lagður á, og skal ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, sem á eigninni hvila í tvö ár frá gjalddaga. Ef hús brennur, eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur í brunabótafjárhæð hússins.

Skattinn má taka lög taki.

5. gr.

Undanþegnar skatti samkvæmt 1. gr. eru allar fasteignir bæjarsjóðs nema leigulóðir, ennfremur eru undanþegnar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmtana, skólahús, elliheimili, barnahæli og sjúkrahús. Sama er um lóðir, er fylgja slíkum húsum og lóðir, sem eru til opinberra þarfa.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað, og skal skatturinn lagður á í fyrsta sinn fyrir árið 1939.

7. gr.

Að öðru leyti fer um skattaálagningu þessa samkvæmt lögum nr. 69 frá 1937.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 1937 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 16. maí 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.